

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/1535

2019/EES/31/40

frá 9. september 2015

um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu
(kerfisbinding) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114., 337. og 43. gr. hans,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ætti því að kerfisbinda þá tilskipun.
- 2) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálssir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálssir fjármagnsflutningar eru tryggð. Ein af grundvallarreglum Sambandsins er því bann við magntakmörkunum á vöruflutninga og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.
- 3) Til að stuðla að snurðulausri starfsemi innri markaðarins ætti að tryggja eins mikið gagnsæi og mögulegt er að því er varðar landsbundin framtaksverkefni í tengslum við setningu tæknilegra reglna.
- 4) Einungis má heimila viðskiptahindranir, sem stafa af tæknilegum reglum, í tengslum við vörur ef þær eru nauðsynlegar til að uppfylla grunnkröfur og þjóna hagsmunum almennings sem þær skapa megintryggingu fyrir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 75/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Álit frá 14. júlí 2010 (Stjórnartíð. ESB C 44, 11.2.2011, bls. 142) og álit frá 26. febrúar 2014 (Stjórnartíð. ESB C 214, 8.7.2014, bls. 55).

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 13. júlí 2015.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjórnartíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37). Upprunalegur titill var „Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða“. Honum var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/48/EB frá 20. júlí 1998 um breytingu á tilskipun 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjórnartíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

⁽⁴⁾ Sjá A-hluta III. viðauka.

- 5) Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum áður en hún samþykkir tæknileg ákvæði. Af þessum sökum verða aðildarríkin sem, skv. 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, ber að greiða fyrir því að framkvæmdastjórnin geti leyst verkefni sín af hendi, að tilkynna framkvæmdastjórninni um verkefni sín á sviði tæknilegra reglna.
- 6) Einnig verður að tilkynna öllum aðildarríkjunum um tæknilegar reglur sem eitthvert hinna aðildarríkjanna fyrirhugar að setja.
- 7) Markmiðið með innri markaðnum er að skapa umhverfi sem hvetur til samkeppni meðal fyrirtækja. Aukin upplýsingamiðlun er ein leið til að aðstoða fyrirtæki til að nýta sér betur þá kosti sem felast í þessum markaði. Því er nauðsynlegt að gera rekstraraðilum kleift að leggja mat á áhrifin af tæknilegum reglum, sem önnur aðildarríki leggja fram, með því að birta reglulega titlana á þeim drögum sem tilkynnt er um sem og ákvæði um þagnarskyldu varðandi slík drög.
- 8) Í þágu réttarvissu þykir rétt að aðildarríki tilkynni opinberlega um að landsbundin tæknileg regla hafi verið samþykkt í samræmi við þau formsatriði sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 9) Meðal þeirra ráðstafana sem eru gerðar til að tryggja eðlilega starfsemi eða áframhaldandi þróun markaðarins, að því er varðar tæknilegar reglur um vörur, er aukið gagnsæi fyrirætlanu á innlendum vettvangi og rýmkun viðmiðana og skilyrða við mat á hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðra reglna á markaðinn.
- 10) Því er nauðsynlegt að meta allar kröfur, sem mælt er fyrir um varðandi vöru, og taka mið af því með hvaða hætti venjur í hverju landi þróast varðandi reglur um vörur.
- 11) Kröfur, aðrar en tækniforskriftir, sem tengjast vistferli vöru eftir að hún hefur verið sett á markað, kunna að hafa áhrif á frjálsa flutninga hennar eða hindra eðlilega starfsemi hins innri markaðar.
- 12) Nauðsynlegt er að skýra merkingu hugtaksins „tæknilegar reglur sem ber að hlíta í raun“. Ákvæði þar sem opinber stjórnvöld vísa til tækniforskrifta eða annarra krafna eða hvetja til að eftir þeim sé farið og ákvæði um vörur, sem opinber stjórnvöld taka þátt í að framfylgja í þágu almennings, gera þessar kröfur eða forskriftir meira bindandi en þær myndu annars vera sökum eigin uppruna þeirra.
- 13) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin verða einnig að fá nægan tíma til að leggja til breytingar á fyrirhugaðri ráðstöfun í því skyni að draga úr eða ryðja úr vegi hindrunum á frjálsa vöruflutninga sem af henni kunna að leiða.
- 14) Hlutaðeigandi aðildarríki verður að taka þessar breytingar til greina þegar það gengur frá lokatexta fyrirhugaðrar ráðstöfunar.
- 15) Innri markaðurinn felur í sér að framkvæmdastjórnin samþykki bindandi gerðir eða leggi fram tillögu um samþykki þeirra, einkum þegar aðildarríkin geta ekki framfylgt meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu. Sérstakt tímabundið stöðvunartímabil hefur verið samþykkt til að koma í veg fyrir að innleiðing landsráðstafana torveldi Evrópuþinginu og ráðinu eða framkvæmdastjórninni að samþykkja bindandi gerðir á sama sviði.
- 16) Hlutaðeigandi aðildarríki skal, í samræmi við almennar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, fresta framkvæmd fyrirhugaðrar ráðstöfunar um nægilega langt tímabil til að unnt sé að fjalla sameiginlega um þessar fyrirhuguðu breytingar eða til að undirbúa tillögu að lagagerð eða samþykkja bindandi gerð framkvæmdastjórnarinnar.
- 17) Með það fyrir augum að auðvelda Evrópuþinginu og ráðinu að samþykkja ráðstafanir ættu aðildarríkin að láta hjá líða að samþykkja tæknilegar reglur hafi ráðið þegar tekið afstöðu, í fyrstu umræðu, til tillögu framkvæmdastjórnarinnar um sama svið.

- 18) Nauðsynlegt er að setja á stofn fastanefnd aðila sem aðildarríkin tilnefna og sem hefur það hlutverk að starfa með framkvæmdastjórninni í þeirri viðleitni að draga úr neikvæðum áhrifum á frjálsa vöruflutninga.
- 19) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta III. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „vara“: hvers kyns iðnaðarframleidd vara og hvers kyns landbúnaðarafurðir, þ.m.t. fiskafurðir,
- b) „þjónusta“: öll þjónusta í upplýsingasamfélaginu, þ.e. sú fjarþjónusta sem að jafnaði er veitt rafrænt gegn þóknun og samkvæmt beiðni þeirra einstaklinga sem fá þjónustuna.

Í skilgreiningu þessari merkir:

- i. „fjarþjónusta“: þjónustan sem er veitt án þess að aðilarnir séu viðstaddir samtímis,
- ii. „rafrænt“: þjónusta sem er upphaflega send og móttekin á áfangastað með rafrænum búnaði til vinnslu (þ.m.t. með stafrænni þjöppun) og geymslu gagna sem eru eingöngu send, flutt og móttekin með rafræði, þráðlaust, með ljóstækniægum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum,
- iii. „að beiðni þeirra einstaklinga sem fá þjónustuna“: þjónusta sem er veitt með því að senda gögn að beiðni viðkomandi einstaklings;

leiðbeinandi skrá yfir þjónustu, sem fellur ekki undir þessa skilgreiningu, er sett fram í I. viðauka,

- c) „tækniforskrift“: forskrift í skjali þar sem mælt er fyrir um þá eiginleika sem vara verður að hafa, t.d. gæði, notagildi, öryggi eða umfang, þ.m.t. kröfur sem lúta að viðskiptaheiti, hugtökum, táknum, prófunum og prófunaraðferðum, umbúðum, merkingum eða áletrunum og samræmismatsaðferðum;

hugtakið „tækniforskrift“ nær einnig til framleiðsluaðferða og -ferla fyrir landbúnaðarafurðir, eins og um getur í annari undirgrein 1. mgr. 38. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, fyrir afurðir sem eru ætlaðar til manneldis og í fóður, sem og fyrir lyf, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ⁽¹⁾, sem og til framleiðsluaðferða og -ferla varðandi aðrar vörur, ef þau hafa áhrif á eiginleika þeirra,

- d) „aðrar kröfur“: önnur krafa en tækniforskrift, sem vara skal uppfylla í þeim tilgangi að vernda, einkum og sér í lagi, neytendur eða umhverfið og sem hefur áhrif á vistferil hennar eftir að hún hefur verið sett á markað, s.s. notkunarskilyrði, endurvinnsla, endurnotkun eða förgun, ef slíkar aðstæður geta haft marktæk áhrif á samsetningu eða eðli vörunnar eða markaðssetningu hennar,
- e) „reglur um þjónustu“: almenn krafa sem tengist því að hefja og stunda þjónustu í skilningi b-liðar, einkum ákvæði er varða þjónustuveitanda, þjónustuna og viðtakanda hennar, að undanskildum þeim reglum sem miðast ekki sérstaklega við þá þjónustu sem skilgreind er í þeim lið.

Í skilgreiningu þessari:

- i. telst regla miðast sérstaklega við þjónustu í upplýsingasamfélaginu ef forsendur hennar og orðalag sýna að sérstakt markmið og tilgangur með einstökum ákvæðum hennar sé, að öllu eða einhverju leyti, að stýra þess háttar þjónustu með beinum og markvissum hætti,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

- ii. telst regla ekki miðast sérstaklega við þjónustu í upplýsingasamfélaginu ef hún hefur aðeins áhrif á slíka þjónustu óbeint eða í einstaka tilvikum,
- f) „tæknileg regla“: tækniforskriftir og aðrar kröfur eða reglur um þjónustu, þ.m.t. viðeigandi stjórnsýsluákvæði, sem skylt er, samkvæmt lögum eða í raun, að fylgja við markaðssetningu, þjónustuveitingu, stofnun þjónustustarfsemi eða notkun í aðildarríki eða stórum hluta þess, ásamt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna, nema þau ákvæði sem kveðið er á um í 7. gr. sem banna framleiðslu, innflutning, markaðssetningu eða notkun vöru eða bannar veitingu eða notkun þjónustu eða að þjónustuveitandi staðfesti sig.

Tæknilegar reglur, sem ber að hlíta í raun, eru m.a. eftirfarandi:

- i. lög eða stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkis sem annaðhvort vísa til tækniforskrifta, annarra krafna eða reglna er varða þjónustu eða til siðareglna starfsgreinar eða starfsvenja sem aftur vísa til tækniforskrifta eða annarra krafna eða til reglna um þjónustu, en ef þessum forskriftum, kröfum eða reglum er hlítt má ganga út frá samræmi við skyldur samkvæmt fyrrnefndum lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,
- ii. frjálsir samningar sem opinber stjórnvöld eru aðili að og kveða á um, í þágu almennra hagsmuna, að tækniforskriftum eða öðrum kröfum eða reglum um þjónustu sé hlítt, að undanskildum útboðslýsingum í tengslum við opinber innkaup,
- iii. tækniforskriftir eða aðrar kröfur eða reglur um þjónustu sem tengjast ráðstöfunum í skatta- eða fjármálum sem hafa áhrif á neyslu vara eða þjónustu með því að hvetja til þess að þessum tækniforskriftum eða öðrum kröfum eða reglum um þjónustu sé hlítt; tækniforskriftir eða aðrar kröfur eða reglur um þjónustu, sem tengjast landsbundnum almannatryggingakerfum, eru undanskildar.

Hér er um að ræða tæknilegar reglur sem yfirvöld, sem aðildarríkin tilnefna, setja og sem birtast í skrá, sem framkvæmdastjórnin tekur saman og uppfærir, þegar við á, innan þeirra marka sem nefndin, sem um getur í 2. gr., setur;

beita skal sömu málsmeðferð við að breyta skránni,

- g) „drög að tæknilegri reglu“: texti tækniforskriftar eða annarrar kröfu eða reglu um þjónustu, þ.m.t. stjórnsýsluákvæði, sem samin hafa verið í þeim tilgangi að fá textann samþykktan eða lagðan fram til samþykkis sem tæknilega reglu, enda sé hann á því samningsstigi að enn megi gera verulegar breytingar.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um:

- a) útvarpsútsendingar,
- b) sjónvarpsútsendingar sem falla undir e-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB ⁽¹⁾.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um reglur, sem tengjast málum sem falla undir löggjöf Sambandsins á sviði fjarskiptaþjónustu, eins og fjallað er um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ⁽²⁾.

4. Tilskipun þessi gildir ekki um reglur, sem tengjast málum sem falla undir löggjöf Sambandsins á sviði fjármálaþjónustu, sbr. skrána í II. viðauka við þessa tilskipun sem þó er ekki tæmandi.

5. Að undanskilinni 3 mgr. 5. gr. gildir tilskipun þessi ekki um reglur, sem skipulegir verðbréfamarkaðir hafa tekið upp eða reglur sem gilda um þá, í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ⁽³⁾, eða reglur vegna eða fyrir aðra markaði eða aðila sem sjá um greiðslujöfnun eða uppgjör fyrir þessa markaði.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjttíð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjttíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjttíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

6. Tilskipun þessi gildir ekki um þær ráðstafanir sem aðildarríki telja nauðsynlegar samkvæmt sáttmálanum til að vernda einstaklinga, einkum launafólk, þegar vörur eru notaðar, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir hafi ekki áhrif á vörurnar.

2. gr.

Setja skal á fót fastanefnd, skipaða fulltrúum sem aðildarríkin tilnefna, sem getur leitað til sérfræðinga eða ráðgjafa um aðstoð og skal formaður nefndarinnar vera fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar.

Nefndin setur sér starfsreglur.

3. gr.

1. Nefndin skal koma saman a.m.k. tvisvar á ári.

Sérstök nefnd skal koma saman til að skoða mál sem tengjast þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir nefndina skýrslu um framkvæmd og beitingu þeirra verklagsreglna sem settar eru fram í þessari tilskipun og skal leggja fram tillögur sem miða að því að ryðja úr vegi gildandi eða fyrirsjáanlegum viðskiptahindrunum.

3. Nefndin skal skila álitum um orðsendingarnar og tillögurnar, sem um getur í 2. mgr., og getur hún einkum í því sambandi lagt til að framkvæmdastjórnin:

- a) sjái til þess, ef þörf krefur og til að forðast hættu á viðskiptahindrunum, að hlutaðeigandi aðildarríki hafi í upphafi samráð sín á milli um viðeigandi ráðstafanir,
- b) geri allar viðeigandi ráðstafanir,
- c) tilgreini þau svið þar sem samhæfingar virðist vera þörf og, ef til þess kæmi, komi á viðeigandi samhæfingu á tilteknu sviði.

4. Framkvæmdastjórninni er skylt að hafa samráð við nefndina:

- a) þegar hún ákveður hvernig haga skuli í raun upplýsingaskiptunum sem kveðið er á um eða lagt er til í þessari tilskipun að verði breytt,
- b) þegar hún endurskoðar framkvæmd tilhögunarinnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

5. Framkvæmdastjórnin getur leitað álits nefndarinnar á öllum frumdrögum að tæknilegri reglu sem hún fær í hendur.

6. Leggja má fyrirspurnir fyrir nefndina um framkvæmd þessarar tilskipunar að beiðni formanns hennar eða aðildarríkis.

7. Umræður á fundum nefndarinnar og upplýsingarnar, sem eru lagðar fyrir hana, eru trúnaðarmál.

Nefndinni og yfirvöldum í aðildarríkjum er þó heimilt að leita álits sérfróðra manna eða lögaðila, m.a. þeirra sem ekki starfa á vegum hins opinbera, að því tilskildu að nauðsynlegra varúðarráðstafana sé gætt.

8. Að því er varðar reglur um þjónustu geta framkvæmdastjórnin og nefndin haft samráð við einstaklinga eða lögaðila í atvinnulífnum eða háskólum, og fulltrúa, ef mögulegt er, sem geta látið í té sérfræðiálit á félagslegum og samfélagslegum markmiðum og afleiðingum hvers konar draga að reglum um þjónustu, og tekið ráðleggingar þeirra til greina þegar farið er fram á það.

4. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, í samræmi við 1. mgr. 5. gr., um allar beiðnir til staðlastofnana um að semja tækniforskriftir eða staðal um tiltekna vörur í þeim tilgangi að setja tæknilega reglu um slíkar vörur í formi draga að tæknilegum reglum, og tilgreina ástæður fyrir setningu þeirra.

5. gr.

1. Aðildarríki skulu, með fyrirvara um 7. gr., tafarlaust koma á framfæri við framkvæmdastjórnina öllum drögum að tæknilegum reglum, að undanskildum þeim þar sem gildandi alþjóðlegur eða evrópskur staðall er tekinn upp í heild sinni en þá nægir að veita henni upplýsingar um viðkomandi staðal og einnig skulu þau láta framkvæmdastjórninni í té yfirlýsingu um ástæðurnar fyrir því að nauðsynlegt sé að innleiða umrædda tæknilega reglu, komi það ekki skýrt fram í sjálfum drögnum.

Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, koma texta laga- eða regluákvæða, sem í aðalatriðum og beinlínis liggja til grundvallar, samtímis á framfæri við framkvæmdastjórnina ef nauðsynlegt er að þekkja til þessa texta þegar meta skal áhrif sem drög að tæknilegum reglum hafa, nema hann hafi áður verið sendur með orðsendingu.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni aftur drögin að tæknilegu reglunni samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar, geri þau breytingar á þeim sem hafa í för með sér umtalsverðar breytingar á gildissviði þeirra, stytta upphaflega tímaáætlun til framkvæmda, bæta við nýjum forskriftum eða kröfum eða herða þær sem fyrir eru.

Ef drögnum að tæknilegri reglu er einkum ætlað að takmarka markaðssetningu eða notkun hreins efnis, efnablöndu eða vöru, vegna lýðheilsu eða í þeim tilgangi að vernda neytendur eða umhverfi, skulu aðildarríkin annaðhvort senda yfirlit yfir eða tilvísun til allra gagna sem máli skipta um viðkomandi efni, efnablöndu eða vöru og þekkt og fánleg staðgönguefni, liggja þessar upplýsingar á lausu, og koma upplýsingum á framfæri um fyrirsjáanleg áhrif þessarar ráðstöfunar á lýðheilsu og verndun neytenda og umhverfis ásamt áhættumati sem fram fer, eftir því sem við á, í samræmi við þær meginreglur sem kveðið er á um í viðeigandi hluta 3. liðar í II. lið XV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽¹⁾.

Framkvæmdastjórnin skal, þegar í stað, tilkynna hinum aðildarríkjunum um drögin að tæknilegu reglunni og öll skjöl sem hún fær í hendur og er henni einnig heimilt að leita álits nefndarinnar, sem um getur í 2. gr. þessarar tilskipunar, á drögnum og, ef við á, þeirrar nefndar sem er ábyrg fyrir viðkomandi sviði.

Í athugasemdum eða ítarlegu áliti framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkjanna varðandi tækniforskriftir eða aðrar kröfur eða reglur um þjónustuna, sem um getur í iii. lið annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, má aðeins fjalla um þá þætti sem kunna að hindra viðskipti eða, að því er varðar reglur um þjónustu, frjálsa þjónustustarfsemi eða staðfesturétt þjónustuveitenda en ekki um þá þætti ráðstöfunarinnar sem lúta að skatta- eða fjármálum.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta sent athugasemdir sínar til þess aðildarríkis sem hefur sent frá sér drög að tæknilegri reglu og skal aðildarríkið taka athugasemdirnar til greina, að því marki sem unnt er, við síðari vinnu við tæknilegu regluna.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni, án tafar, endanlegan texta tæknilegu reglunnar.

4. Ekki skal fara með upplýsingarnar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, sem trúnaðarmál nema tilkynningar- aðildarríkið fari þess eindregið á leit. Allar slíkar beiðnir skal rökstyðja.

Í slíkum tilvikum er nefndinni, sem um getur í 2. gr., og landsyfirvöldum heimilt, ef nauðsynlegar varúðarráðstafanir eru gerðar, að leita sérfræðiráðgjafar hjá einstaklingum eða lögaðilum í einkageiranum.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjttð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

5. Þegar drög að tæknilegu reglunum eru hluti ráðstafana, sem komið skal á framfæri við framkvæmdastjórnina á undirbúningsstigi, samkvæmt annarri gerð Sambandsins, er aðildarríkjunum heimilt að senda orðsendingu í skilningi 1. mgr. samkvæmt hinni gerðinni, að því tilskildu að þau tilgreini formlega að fyrrnefnd orðsending feli einnig í sér orðsendingu að því er varðar þessa tilskipun.

Jafnvel þótt engin viðbrögð komi frá framkvæmdastjórninni við drögum að tæknilegri reglu, samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, skal það ekki hafa áhrif á ákvarðanir sem kunna að verða teknar á grundvelli annarra gerða Sambandsins.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu fresta að samþykkja drög að tæknilegri reglu í þrjá mánuði frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni berst orðsendingin sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

2. Aðildarríkin skulu fresta:

— að samþykkja, í fjóra mánuði, drög að tæknilegri reglu í formi frjáls sammings í skilningi ii. liðar annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.,

— að samþykkja önnur drög að tæknilegri reglu í sex mánuði, að undanskildum drögum að reglum um þjónustu, sbr. þó ákvæði 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar;

frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni berst orðsendingin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., ef framkvæmdastjórnin eða annað aðildarríki leggur fram ítarlegt álit, innan þriggja mánaða frá þeim degi, þess efnis að fyrirhuguð ráðstöfun kunni að hindra frjálsa vöruflutninga innan innri markaðarins,

— að samþykkja drög að reglum um þjónustu í fjóra mánuði frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni berst orðsendingin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., með fyrirvara um 4. og 5. mgr., ef framkvæmdastjórnin eða annað aðildarríki leggur fram ítarlegt álit, innan þriggja mánaða frá móttöku orðsendingar, þess efnis að fyrirhuguð ráðstöfun kunni að hindra frjálsa þjónustustarfsemi eða staðfesturétt þjónustuveitenda á innri markaðinum.

Að því er varðar drög að reglum um þjónustu, kann að vera að ítarlegar álitgerðir framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkjanna hafi ekki áhrif á ráðstafanir varðandi stefnu í menningarmálum, einkum á sviði hljóð- og myndmiðlunar, sem aðildarríkin kunna að samþykkja í samræmi við lög Sambandsins, að teknu tilliti til fjölbreytni tungumála aðildarríkjanna, sérstakra þjóðar- og svæðiseinkenna þeirra og menningararfleifðar.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni til hvaða aðgerða það hyggst grípa til að bregðast við þessum ítarlegu álitgerðum. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram athugasemdir um þessi viðbrögð.

Að því er varðar reglur um þjónustu skal hlutaðeigandi aðildarríki tilgreina, þegar við á, ástæður þess að ekki sé unnt að taka tillit til hinna ítarlegu álitgerða.

3. Að undanskildum drögum að reglum sem varða þjónustu skulu aðildarríkin fresta að samþykkja drög að tæknilegri reglu í tólf mánuði frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni berst orðsendingin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar, ef framkvæmdastjórnin tilkynnir, innan þriggja mánaða frá móttöku orðsendingar, um þá ætlun sína að gera tillögu um, eða samþykkja, tilskipun, reglugerð eða ákvörðun um málið í samræmi við ákvæði 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

4. Aðildarríkin skulu fresta að samþykkja drög að tæknilegri reglu í tólf mánuði frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni berst orðsendingin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar, ef framkvæmdastjórnin tilkynnir, innan þriggja mánaða frá móttöku orðsendingar, um þá niðurstöðu sína að í drögum að tæknilegu reglunni sé fjallað um sama málefnið og í fyrirbyggjandi tillögu að tilskipun, reglugerð eða ákvörðun, sem hefur verið lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið í samræmi við ákvæði 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5. Móti ráðið afstöðu í fyrstu umræðu á stöðvunartímabilinu, sem um getur í 3. og 4. mgr., skal lengja þetta tímabil í 18 mánuði, sbr. þó 6. mgr.

6. Skuldbindingar, sem um getur í 3., 4. og 5. mgr., falli niður:
- a) tilkynni framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum að hún hyggist ekki lengur gera tillögu um eða samþykkja bindandi gerð,
 - b) tilkynni framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum um að hún dragi drög sín eða tillögu til baka,
 - c) hafi Evrópuþingið og ráðið eða framkvæmdastjórnin samþykkt bindandi gerð.

7. Ákvæði 1.–5. mgr. gilda ekki ef aðildarríki:

- a) af brýnum ástæðum, sem rekja má til alvarlegra og ófyrirséðra atvika, sem tengjast lýðheilsu eða öryggi almennings, vernd dýra eða plantna og, að því er varðar reglur um þjónustu, einnig allsherjarreglu, einkum vernd ólöggráða barna, neyðist til að undirbúa tæknilega reglu á mjög skömmum tíma í þeim tilgangi að samþykkja og hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd, án tafar, án þess að samráð komi til eða
- b) af brýnum ástæðum, sem rekja má til alvarlegra atvika sem tengjast verndun öryggis og heilleika fjármálakerfisins, einkum sparifjáreignenda, fjárfesta og tryggðra aðila, neyðist til að samþykkja og beita reglum um fjármálaþjónustu án tafar.

Aðildarríkið skal, í orðsendingunni sem um getur í 5. gr., tilgreina hinar brýnu ástæður fyrir þeim ráðstöfunum sem gripið er til. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram álit sitt á orðsendingunni eins fljótt og því verður við komið. Hún skal grípa til viðeigandi aðgerða þegar þessari málsmeðferð er beitt með óviðeigandi hætti. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið um málið.

7. gr.

1. Ákvæði 5. og 6. gr. gilda ekki um lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna eða frjálsa samninga sem þau beita:

- a) til að fara að bindandi gerðum Sambandsins þar sem stefnt er að því að samþykkja tækniforskriftir eða reglur um þjónustu,
- b) til að uppfylla skuldbindingar vegna alþjóðlegra samninga þar sem stefnt er að því að samþykkja sameiginlegar tækniforskriftir eða reglur um þjónustu í Sambandinu,
- c) til að færa sér í nyt verndarákvæði sem kveðið er á um í bindandi gerðum Sambandsins,
- d) til að beita ákvæðum 1. mgr. 12. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ⁽¹⁾,
- e) eingöngu í þeim tilgangi að fullnægja dómi Evrópudómstólsins,
- f) eingöngu í þeim tilgangi að breyta tæknilegri reglu í skilningi f-liðar 1. mgr. 1. gr., í samræmi við óskir framkvæmdastjórnarinnar, með það fyrir augum að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum eða, að því er varðar reglur um þjónustu, hindrunum fyrir frjálsri þjónustustarfsemi eða staðfesturétti þjónustuveitenda.

2. Ákvæði 6. gr. gilda ekki um lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna sem banna framleiðslu svo fremi að þau hefti ekki frjálsa vöruflutninga.

3. Ákvæði 3.–6. mgr. 6. gr. gilda ekki um frjálsu samningana sem um getur í ii. lið annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.

4. Ákvæði 6. gr. gilda ekki um tækniforskriftir eða aðrar kröfur eða reglur um þjónustu sem um getur í iii. lið annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.

8. gr.

Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu á tveggja ára fresti um þann árangur sem hlýst af því að beita ákvæðum þessarar tilskipunar.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru (Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).

Framkvæmdastjórnin skal birta árlega tölulegar upplýsingar um tilkynningar sem berast í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

9. gr.

Þegar aðildarríkin samþykkja tæknilega reglu skal vera í henni tilvísun í þessa tilskipun eða henni fylgja slík tilvísun þegar hún verður birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

10. gr.

Tilskipun 98/34/EB, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta III. viðauka við þessa tilskipun, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að leiða í landslög tilskipanirnar sem tilgreindar eru í B-hluta III. viðauka við niðurfelldu tilskipunina og í B-hluta III. viðauka við þessa tilskipun.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunar-töflunni í IV. viðauka.

11. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 9. september 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

N. SCHMIT

forseti.

*I. VIÐAUKI***Leiðbeinandi skrá yfir þjónustu sem fellur ekki undir aðra undirgrein b-liðar 1. mgr. 1. gr.***1. Þjónusta sem ekki er „fjarþjónusta“*

Þjónusta sem er veitt að þjónustuveitanda og viðtakanda viðstöddum, jafnvel þótt notaður sé rafrænn búnaður:

- a) læknisskoðun eða meðferð á læknastofu með rafrænum búnaði þar sem sjúklingurinn er viðstaddur,
- b) leit í rafrænum verðlista í verslun þar sem viðskiptavinurinn er staddur,
- c) bókanir á flugmiðum hjá ferðaskrifstofu um tölvunet að viðskiptavininum viðstöddum,
- d) rafrænir leikir í tölvuleikjasal þar sem viðskiptavinurinn er viðstaddur.

2. Þjónusta sem ekki er veitt „rafrænt“

— Áþreifanleg þjónusta enda þótt hún sé veitt um rafrænan búnað:

- a) hraðbankar eða sjálfvirkar miðasöluvélar (peningaseðlar, lestarmiðar),
- b) aðgangur að vegakerfum, bílastæðum o.s.frv., þar sem krafist er gjalds fyrir notkun, jafnvel þótt rafrænn búnaður sé við innkeyrslu-/útkeyrsluleið sem stýrir aðganginum og/eða tryggir rétta greiðslu.

— Þjónusta utan nets: dreifing geisladiska eða hugbúnaðar á disklingum.

— Þjónusta sem ekki er veitt með rafrænu vinnslu-/geymslakerfi:

- a) talsímaþjónusta,
- b) bréfasíma- eða fjarritaþjónusta,
- c) þjónusta veitt um talsíma eða bréfasíma,
- d) viðtal við lækni um síma eða bréfasíma,
- e) viðtal við lögfræðing um síma eða bréfasíma,
- f) bein markaðssetning um síma eða bréfasíma.

3. Þjónusta sem ekki er veitt „að beiðni þeirra einstaklinga sem fá þjónustuna“

Þjónusta sem er veitt með því að senda gögn án þess að krafist sé að þau séu móttekin samtímis af ótakmörkuðum fjölda einstakra viðtakenda (útsending frá einum stað til margra):

- a) sjónvarpsútsendingar (þ.m.t. nærlæg þjónusta myndefnisveitu) sem um getur í e-lið 1. mgr. 1. gr. í tilskipun 2010/13/ESB,
- b) útvarpsútsendingar,
- c) textavarp (í sjónvarpi).

*II. VIÐAUKI***Leiðbeinandi skrá yfir fjármálaþjónustu sem fellur 4. mgr. 1. gr.**

- Fjárfestingarþjónusta.
- Vátryggingar og endurtryggingar.
- Bankaþjónusta.
- Rekstur sem tengist lífeyrissjóðum.
- Þjónusta sem tengist framtíðar- og valréttarsamningum.

Þess háttar þjónusta felur einkum í sér:

- a) fjárfestingarþjónustuna, sem um getur í viðaukanum við tilskipun 2004/39/EB, þjónustu sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
- b) þjónustustarfsemi sem er háð gagnkvæmri viðurkenningu og sem um getur í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (1),
- c) rekstur sem fellur undir vátrygginga- og endurtryggingastarfseminum sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/ESB (2).

—

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjútð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjútð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB
(Stjttíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/48/EB
(Stjttíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18)

Ákvæði 1. hluta í bálki H í II. viðauka við aðildarlögin frá 2004
(Stjttíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 68)

Eingöngu að því er varðar tilvísunina í 2. lið í tilskipun 98/34/EB

Tilskipun ráðsins 2006/96/EB
(Stjttíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 81)

Eingöngu að því er varðar tilvísunina í 1. gr. í tilskipun 98/34/EB

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012
(Stjttíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12)

Einungis 2. mgr. 26. gr.

B-HLUTI

Frestir til að leiða í landslög

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
98/34/EB	—
98/48/EB	5. ágúst 1999
2006/96/EB	1. janúar 2007

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 98/34/EB	Þessi tilskipun
Inngangsorð fyrstu málsgreinar 1. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 1. gr.
1. liður fyrstu málsgreinar 1. gr.	a-liður 1. mgr. 1. gr.
Fyrsta undirgrein 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Fyrsta undirgrein b-liðar 1. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	i. liður annarrar undirgreinar b-liðar 1. mgr. 1. gr.
Annar undirliður annarrar undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	ii. liður annarrar undirgreinar b-liðar 1. mgr. 1. gr.
Þriðji undirliður annarrar undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	iii. liður annarrar undirgreinar b-liðar 1. mgr. 1. gr.
Þriðja undirgrein 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Þriðja undirgrein b-liðar 1. mgr. 1. gr.
Inngangsorð fjórðu undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður fjórðu undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	a-liður 2. mgr. 1. gr.
Annar undirliður fjórðu undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	b-liður 2. mgr. 1. gr.
3. liður fyrstu málsgreinar 1. gr.	c-liður 1. mgr. 1. gr.
4. liður fyrstu málsgreinar 1. gr.	d-liður 1. mgr. 1. gr.
Fyrsta undirgrein 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Fyrsta undirgrein e-liðar 1. mgr. 1. gr.
Önnur undirgrein 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	3. mgr. 1. gr.
Þriðja undirgrein 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
Fjórða undirgrein 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
Inngangsmálsliður fimmtu undirgreinar 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Inngangsmálsliður annarrar undirgreinar e-liðar 1. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður fimmtu undirgreinar 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	i. liður annarrar undirgreinar e-liðar 1. mgr. 1. gr.
Annar undirliður fimmtu undirgreinar 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	ii. liður annarrar undirgreinar e-liðar 1. mgr. 1. gr.
Fyrsta undirgrein 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Fyrsta undirgrein f-liðar 1. mgr. 1. gr.
Inngangsmálsliður annarrar undirgreinar 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Inngangsmálsliður annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	i. liður annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.
Annar undirliður annarrar undirgreinar 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	ii. liður annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.

Tilskipun 98/34/EB	Þessi tilskipun
Þriðji undirliður annarrar undirgreinar 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	iii. liður annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.
Þriðja undirgrein 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Þriðja undirgrein f-liðar 1. mgr. 1. gr.
Fjórða undirgrein 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Fjórða undirgrein f-liðar 1. mgr. 1. gr.
12. liður fyrstu málsgreinar 1. gr.	g-liður 1. mgr. 1. gr.
Önnur málsgrein 1. gr.	6. mgr. 1. gr.
5. gr.	2. gr.
1. og 2. mgr. 6. gr.	1. og 2. mgr. 3. gr.
Inngangsorð 3. mgr. 6. gr.	Inngangsorð 3. mgr. 3. gr.
Annar undirliður 3. mgr. 6. gr.	a-liður 3. mgr. 3. gr.
Þriðji undirliður 3. mgr. 6. gr.	b-liður 3. mgr. 3. gr.
Fjórði undirliður 3. mgr. 6. gr.	c-liður 3. mgr. 3. gr.
Inngangsorð 4. mgr. 6. gr.	Inngangsorð 4. mgr. 3. gr.
c-liður 4. mgr. 6. gr.	a-liður 4. mgr. 3. gr.
d-liður 4. mgr. 6. gr.	b-liður 4. mgr. 3. gr.
5.–8. mgr. 6. gr.	5.–8. mgr. 3. gr.
7. gr.	4. gr.
8. gr.	5. gr.
1.–5. mgr. 9. gr.	1.–5. mgr. 6. gr.
Inngangsorð 6. mgr. 9. gr.	Inngangsorð 6. mgr. 6. gr.
Fyrsti undirliður 6. mgr. 9. gr.	a-liður 6. mgr. 6. gr.
Annar undirliður 6. mgr. 9. gr.	b-liður 6. mgr. 6. gr.
Þriðji undirliður 6. mgr. 9. gr.	c-liður 6. mgr. 6. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 7. mgr. 9. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 7. mgr. 6. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar 7. mgr. 9. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 7. mgr. 6. gr.
Annar undirliður fyrstu undirgreinar 7. mgr. 9. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 7. mgr. 6. gr.
Önnur undirgrein 7. mgr. 9. gr.	Önnur undirgrein 7. mgr. 6. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 10. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 7. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 10. gr.	a-liður 1. mgr. 7. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 10. gr.	b-liður 1. mgr. 7. gr.
Þriðji undirliður 1. mgr. 10. gr.	c-liður 1. mgr. 7. gr.

Tilskipun 98/34/EB	Þessi tilskipun
Fjórði undirliður 1. mgr. 10. gr.	d-liður 1. mgr. 7. gr.
Fimmti undirliður 1. mgr. 10. gr.	e-liður 1. mgr. 7. gr.
Sjötti undirliður 1. mgr. 10. gr.	f-liður 1. mgr. 7. gr.
2., 3. og 4. mgr. 10. gr.	2., 3. og 4. mgr. 7. gr.
Fyrsti málslíður 11. gr.	Fyrsta málsgrein 8. gr.
Annar málslíður 11. gr.	Önnur málsgrein 8. gr.
12. gr.	9. gr.
13. gr.	—
—	10. gr.
14. gr.	11. gr.
15. gr.	12. gr.
III. viðauki	—
IV. viðauki	—
V. viðauki	I. viðauki
VI. viðauki	II. viðauki
—	III. viðauki
—	IV. viðauki